

**Nd.**

**356. Nefndarálit**

[194. mál]

um frv. til I. um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um þetta mál og kvatt á sinn fund allmarga aðila. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga komu Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, formaður Sambandsins, og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri, Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Einar I. Halldórsson, fyrrverandi bæjarstjóri, en þeir eru formenn nefnda er sömdu tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fjármáaleg samskipti, Kristófer Oliversson, starfsmaður Byggðastofnunar sem vann tillögur nefndarinnar, Lárus Sighvatsson skólastjóri, fulltrúi félags skólastjóra tónlistarskóla, Reynir Karlsson, íþróttafulltrúi ríkisins, og Valdimar Örnólfsson íþróttakennari, formaður Íþróttasjóðs, Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Svandís Skúladóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Sveinn Ragnarsson, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ, Pálmi Gíslason, formaður UMFÍ, Jón Eiríksson oddviti, Vorsabæ, Þór Magnússon þjóðminjavörður, Gunnlaugur Haraldsson safnvörður, Akranesi, og Kristinn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar í Neskaupstað.

Auk þessa fékk nefndin ýmsar tölulegar upplýsingar og skýringar er varða flesta þætti þessa máls, m.a. úttekt á áhrifum þessara fyrirhuguðu breytinga á öll sveitarfélög á Vesturlandi sem unnin er að frumkvæði Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Eins og sjá má af þessari upptalningu taldi nefndin nauðsynlegt að reyna að fá sem gleggsta mynd af viðhorfum aðila til þessa frumvarps sem hér er til afgreiðslu, enda þótt ljóst sé að á svo skömmum tíma, sem málið er til meðferðar á Alþingi, sé ekki hægt að senda frumvarpið til ýmissa aðila sem sjálfsagt hefðu haft áhuga á að setja fram álit sitt á málinu. En segja má að í þessum viðræðum við framangreinda aðila hafi sjónarmið um flest meginatriði frumvarpsins komið fram.

Í áratugi hefur verið mikil umræða um nauðsyn þess að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Meiri hl. nefndarinnar telur jákvætt að nú skuli eiga að stíga fyrsta skrefið í þessum málum. Mál þetta hefur verið vandlega undirbúið og m.a. kynnt fyrir öllum sveitarstjórnarmönnum á landinu.

Með frumvarpinu er lagt til að hlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt. Ráð er fyrir því gert að hluti tekna sjóðsins verði notaður til að jafna aðstöðumun milli sveitarfélaga í meira mæli en tíðkast hefur. Þetta er þýðingarmikið atriði til að styrkja meira en verið hefur hin fámennari og vanmegnugri sveitarfélög og aukin framlög Jöfnunarsjóðs eiga að gera þeim kleift að takast á hendur aukin verkefni, en lög um tekjustofna sveitarfélaga eru nú í endurskoðun með tilliti til breytinga á hlutverki Jöfnunarsjóðs.

Í frumvarpinu er yfirleitt aðeins breytt þeim ákvæðum í viðkomandi lögum er fjalla um fjárhagsatriði við stofnkostnað og rekstur. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur menntamálaráðherra ákveðið vegna breytinga þessara að láta endurskoða í heild sinni lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og íþróttalög. Mikilvægt er að góð samstaða náist um endurskoðun þessa.

Í viðræðum nefndarinnar við forsvarsmenn tónlistarskóla hefur m.a. komið fram að lengri tíma þurfi til að undirbúa breytingar á fjárhagsatriðum í rekstri tónlistarskólanna. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að komið verði til móts við þessi sjónarmið og gildistöku kafla um breytingar á fjárhagsstuðningi við tónlistarskóla frestað til 1. september 1989. Verði breytingartillaga þessi samþykkt þarf að hækka fjárveitingar til tónlistarfræðslu í fjárlagafrumvarpi.

Nefndinni hafa borist tilmæli frá landbúnaðarráðuneyti um að í frumvarpið verði tekið ákvæði um að sérdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga endurgreiði sveitarfélögum 5% hluta útlagðs kostnaðar við eyðingu refa og minka. Ákvæði um endurgreiðslu þessa er nú í 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka. Í fjárlagafrumvarpi 1988 er ekki reiknað með fjárveitingu til þessa verkefnis.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til að í frumvarpið komi nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem lagt er til að þessi kostnaður verði á árinu 1988 greiddur af sérdeild Jöfnunarsjóðs. Kostnaður þessi er áætlaður 7 millj. kr. á árinu 1988.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1987.

Alexander Stefánsson,  
form., frsm.

Jón Sæmundur Sigurjónsson,  
fundaskr.

Jón Kristjánsson.

Geir H. Haarde.

Eggert Haukdal.